

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

# Aðgerðaáætlun

ágúst 2019

# Efnisyfirlit

**Formáli** ....4
**Sérfræðingar** ....5
I. Lögmenn ....5
II. Endurskoðendur ....8
III. Fasteignasalar ....10
**Fjárhættuspil** ....13
I. Fjárhættuspil á netinu ....13
II. Spilakassar ....15
III. Veðmál ....19
**Fjármálamarkaður** ....22
I. Innlán ....22
II. Útlán ....23
III. Peninga- og verðmætasendingaþjónusta ....24
IV. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu ....26
V. Greiðsluþjónusta ....27
VI. Verðbréfaviðskipti ....28
VII. Rafeyrir ....30
VIII. Ný tækni ....32
**Ýmislegt** ....34
I. Aflétting fjármagnshafta ....34
II. Kerfiskennitala ....37
**Lögaðilar** ....39
I. Einkahlutafélög ....39
II. Raunverulegur eigandi ....44
**Almannaheillafélög** ....48
I. Skráð trú- og lífsskoðunarfélög ....48
II. Sjóðir og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá ....51
III. Önnur almannaheillafélög ....53
**Reiðufé** ....55
I. Reiðufé, flutningur til og frá Íslandi ....55
II. Reiðufjárviðskipti ....56
**Verslun og þjónusta** ....58
I. Verslun og þjónusta ....58
II. Seljendur eðalmálma og -steina ....60
**Frumbrot** ....62
I. Skattsvik ....62
II. Önnur frumbrot ....65
**Fjármögnun hryðjuverka** ....67
I. Fjármögnun hryðjuverka ....67

# Formáli

Samkvæmt 4. gr. laga um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 ber ríkislögreglustjóra að gera áhættumat sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi, svo og leiðir til að draga úr slíkri hættu. Í apríl 2019 birti ríkislögreglustjóri áhættumat sitt samkvæmt nefndu ákvæði. Um er að ræða ítarlega og heildstæða greiningu á fyrirliggjandi hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á þeim mörkuðum og sviðum sem sérstaklega eru talin útsett fyrir slíkri hættu.

Áhættumat ríkislögreglustjóra leiddi í ljós að talsverða veikleika er að finna í bæði eftirliti og löggjöf þegar kemur að vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í samræmi við yfirlýsta stefnu íslenskra stjórnvalda í málaflokknum hefur stýrihópur dómsmálaráðherra unnið að greiningu á þeim aðgerðum sem grípa þarf til í því skyni að bregðast við niðurstöðum áhættumatsins og draga úr þeirri hættu sem þar var metin. Aðgerðaáætlun þessi er afurð þeirrar vinnu.

Í aðgerðaáætluninni er að finna greiningu á þeim helstu veikleikum sem tilgreindir voru á þeim mörkuðum og sviðum sem tekin voru til skoðunar í áhættumati ríkislögreglustjóra, að teknu tilliti til áhættuflokkunar í hverju tilviki fyrir sig. Sem viðbrögð við hverjum veikleika er ráðlögð tiltekin aðgerð sem ætlað er að koma í veg fyrir eða, eftir því sem við getur átt, draga úr þeirri hættu sem veikleikinn hefur í för með sér. Er sömuleiðis tilgreint hvaða stjórnvald ber ábyrgð á hverri aðgerð fyrir sig, hvaða stjórnvöld veita aðstoð við hana og innan hvað tímamarka ber að hrinda henni í framkvæmd. Eftir því sem við á er jafnframt tekið fram hvort tiltekin aðgerð muni hafa í för með sér kostnað. Eins og gefur að skilja eru aðgerðirnar misjafnlega umfangsmiklar og geta til að mynda falið í sér allt frá viðamiklum breytingum á einstaka lagabálkum til útgáfu fræðslubæklinga á sérgreindum sviðum.

Aðgerðaáætlun þessi hefur verið lögð fyrir ríkisstjórn til samþykktar og tekur þegar gildi. Sem fyrr segir er henni ætlað að mæta þeim veikleikum sem greindir voru í áhættumati ríkislögreglustjóra frá því í apríl 2019. Taka þau tímamörk sem fram koma í aðgerðaáætluninni mið af því. Hins vegar er ljóst að baráttan gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er viðvarandi verkefni og því er gert ráð fyrir að aðgerðaáætlunin sæti endurskoðun til samræmis við áhættumat ríkislögreglustjóra sem uppfæra ber á tveggja ára fresti samkvæmt lögum nr. 140/2018 eða oftar ef tilefni er til. Stýrihópur dómsmálaráðherra ber ábyrgð á endurskoðun áætlunarinnar og reglulegri framfylgd hennar að öðru leyti.

Með þeim aðgerðum sem gripið verður til er leitast við að tryggja að hér á landi séu á hverjum tíma til staðar öflugar varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á grundvelli heildstæðs lagaumhverfis sem meðal annars felur í sér ítarlegar og fullnægjandi eftirlitsheimildir og viðurlagaúrræði til handa þeim sem bera hitann og þungann af því að vinna að aðgerðum á þessu sviði.

# Sérfræðingar

Þessi hluti aðgerðaáætlunarinnar nær til sérfræðistétta, þ.e. lögmanna, endurskoðenda og fasteignasala. Áhættuflokkun þessara stétta í áhættumati vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka var eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Lögmenn | |
| Endurskoðendur | |
| Fasteignasalar | |

## I. Lögmenn

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með starfsemi lögmanna fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem byggir á ítarlegri greiningu og áhættumati. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar 2019 og lauk í maí 2019 þegar áhættumat RSK lá fyrir.<br><br>Þetta er viðvarandi verkefni. Peningaþvættiseftirlit RSK uppfæri áhættumiðaða eftirlitsáætlun að lágmarki á tveggja ára fresti og ávallt ef breytingar verðar á ógnum eða veikleikum sem varða lögmenn. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð við framkvæmd** | FME aðstoðar og veitir leiðbeiningar við gerð áhættumiðað eftirlits. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með starfsemi lögmanna fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit með lögmönnum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem kannað er m.a. aðferðir og ferlar, áhættumat, framkvæmd áreiðanleikakönnunar og þjálfun starfsmanna.<br><br>Áhætta tengd lögmönnum var metin há í áhættumati. Eftirlit með lögmönnum, sér í lagi þeim sem bjóða upp á þá þjónustu sem helst er hætta á að vera misnotuð er þ.a.l. í forgangi 1. |

| | |
|---|---|
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) um mitt ár 2019.<br><br>Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME aðstoðar og veitir leiðbeiningar við eftirlit. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Fjöldi lögmanna virðist ekki vera meðvitaður um með hvaða hætti þjónusta þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun sem tengjast:<br>- Stofnun félaga / fjárvörslusjóða á aflandssvæðum<br>- stofnun lögaðila<br>- raunverulegt eignarhald<br>- áhættusama viðskiptamenn<br>- misnotkun á vörslureikningum<br>- áhættu tengda því að koma fram fyrir hönd lögaðila sem er í eigu viðskiptamanns |
| **Tímalína** | Peningaþvættiseftirlit RSK gaf út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun fyrir lögmenn í maí og júní 2019 sem var birt á heimasíðu RSK og sent til lögmannafélagsins sem dreifði því til allra félagsmanna rafrænt.<br><br>Undirbúa þarf frekara fræðsluefni í ágúst til nóvember og dreifa til allra lögmanna rafrænt og birta á heimasíðu RSK. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Fjöldi lögmanna virðist ekki vera meðvitaður um með hvaða hætti þjónusta þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um mun á skyldum lögmanna skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og trúnaðarskyldu þeirra við athugun þeirra á lagalegri stöðu umbjóðenda sinna eða þegar þeir koma fram fyrir hönd þeirra í dómsmáli eða í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar þeir veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli. |

| | |
|---|---|
| **Tímalína** | Undirbúningur og vinnsla í ágúst til nóvember. Dreifa fræðsluefni til allra lögmanna rafrænt og birta á heimasíðu RSK. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Fjöldi lögmanna virðist ekki vera meðvitaður um með hvaða hætti þjónusta þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda fræðslufundi / námskeið fyrir lögmenn um skyldur þeirra, hættumerki, aðferðir við misnotkun o.fl. |
| **Tímalína** | Fræðslufundur með lögmönnum var haldinn í maí. Frekari fræðsla fari fram í nóvember þegar búið er að gefa út frekara fræðsluefni. Viðvarandi verkefni að tryggja áhættuvitund lögmanna. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á tilkynningum frá lögmönnum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og halda fræðslufundi um efnið með lögmönnum. |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og fræðslufundur var haldinn í maí. Halda frekari fræðslufundi í nóvember og desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## II. Endurskoðendur

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættumiðuðu eftirliti. Eftirlit með endurskoðendum hefur ekki að öllu leiti verið áhættumiðað. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem byggir á ítarlegri greiningu og áhættumati. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar 2019 og lauk í maí 2019 þegar áhættumat RSK lá fyrir.<br><br>Þetta er viðvarandi verkefni. Peningaþvættiseftirlit RSK uppfæri áhættumiðaða eftirlitsáætlun að lágmarki á tveggja ára fresti og ávallt ef breytingar verðar á ógnum eða veikleikum sem varða lögmenn. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME og fráfarandi eftirlitsaðili aðstoða og veita leiðbeiningar við gerð áhættumiðaðs eftirlits. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættumiðuðu eftirliti. Eftirlit með endurskoðendum hefur ekki að öllu leiti verið áhættumiðað. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit með endurskoðendum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem kannað er m.a. aðferðir og ferlar, áhættumat, framkvæmd áreiðanleikakönnunar og þjálfun starfsmanna.<br><br>Áhætta tengd endurskoðendum var metin veruleg í áhættumati. Eftirlit með endurskoðendum, sér í lagi þeim sem bjóða upp á þá þjónustu sem helst er hætta á að vera misnotuð er þ.a.l. í forgangi 2. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) um mitt ár 2019.<br><br>Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME og fráfarandi eftirlitsaðili aðstoða og veita leiðbeiningar við eftirlit. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Fjöldi endurskoðenda virðist ekki vera meðvitaður um með hvaða hætti þjónusta þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- Stofnun félaga / fjárvörslusjóða á aflandssvæðum<br>- stofnun lögaðila<br>- raunverulegt eignarhald<br>- áhættusama viðskiptamenn<br>- áreiðanleikakönnun<br>- alþjóðlegar þvingunaraðgerðir |
| **Tímalína** | Peningaþvættiseftirlit RSK gaf út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun fyrir endurskoðendur í maí og júní 2019. Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Undirbúa þarf frekara fræðsluefni í ágúst til nóvember og dreifa til allra endurskoðenda rafrænt og birta á heimasíðu RSK. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Fjöldi endurskoðenda virðist ekki vera meðvitaður um með hvaða hætti þjónusta þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda fræðslufundi / námskeið fyrir endurskoðendur um skyldur þeirra, hættumerki, aðferðir við misnotkun o.fl. |
| **Tímalína** | Fræðslufundur með endurskoðendum var haldinn í maí. Frekari fræðsla fari fram í nóvember þegar búið er að gefa út frekara fræðsluefni.<br><br>Viðvarandi verkefni að tryggja áhættuvitund endurskoðenda. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á tilkynningum frá endurskoðendum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka áhættuvitund hjá endurskoðendum um tilkynningar til SFL. Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og halda fræðslufundi um efnið með endurskoðendum. |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og fræðslufundur var haldinn í maí.<br><br>Halda frekari fræðslufundi í nóvember og desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## III. Fasteignasalar

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættumiðuðu eftirliti. Eftirlit með fasteignasölum hefur ekki að öllu leiti verið áhættumiðað. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem byggir á ítarlegri greiningu og áhættumati. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar 2019 og lauk í maí 2019 þegar áhættumat RSK lá fyrir.<br><br>Þetta er viðvarandi verkefni. Peningaþvættiseftirlit RSK uppfæri áhættumiðaða eftirlitsáætlun að lágmarki á tveggja ára fresti og ávallt ef breytingar verðar á ógnum eða veikleikum sem varða lögmenn. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME og fráfarandi eftirlitsaðili aðstoða og veita leiðbeiningar við gerð áhættumiðaðs eftirlits. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættumiðuðu eftirliti. Eftirlit með fasteignasölum hefur ekki að öllu leiti verið áhættumiðað. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit með fasteignasölum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem kannað er m.a. aðferðir og ferlar, áhættumat, framkvæmd áreiðanleikakönnunar og þjálfun starfsmanna.<br><br>Áhætta tengd fasteignasölum var metin veruleg í áhættumati. Eftirlit með fasteignasölum, sér í lagi þeim sem bjóða upp á þá þjónustu sem helst er hætta á að vera misnotuð er þ.a.l. í forgangi 2. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) um mitt ár 2019.<br><br>Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME og fráfarandi eftirlitsaðili aðstoða og veita leiðbeiningar við eftirlit. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Fjöldi fasteignasala virðist ekki vera meðvitaður um með hvaða hætti þjónusta þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun<br>- alþjóðlegar þvingunaraðgerðir |
| **Tímalína** | Peningaþvættiseftirlit RSK gaf út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun fyrir fasteignasala í maí og júní 2019. Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Undirbúa þarf frekara fræðsluefni í ágúst til nóvember og dreifa til allra fasteignasala rafrænt og birta á heimasíðu RSK. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Fjöldi fasteignasala virðist ekki vera meðvitaður um með hvaða hætti þjónusta þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda fræðslufundi / námskeið fyrir fasteignasala um skyldur þeirra, hættumerki, aðferðir við misnotkun o.fl. |
| **Tímalína** | Fræðslufundur með fasteignasölum var haldinn í maí. Frekari fræðsla fari fram í nóvember þegar búið er að gefa út frekara fræðsluefni.<br><br>Viðvarandi verkefni að tryggja áhættuvitund fasteignasala. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á tilkynningum frá fasteignasölum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka áhættuvitund hjá fasteignasölum um tilkynningar til SFL. Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og halda fræðslufundi um efnið með fasteignasölum. |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og fræðslufundur var haldinn í maí.<br><br>Halda frekari fræðslufundi í nóvember og desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Fjárhættuspil

Þessi hluti af aðgerðaáætluninni nær til allra fjárhættuspila sem heimil eru á Íslandi. Áhættuflokkun fjárhættuspila er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fjárhættuspil á netinu | |
| Bingó | |
| Happdrætti | |
| Lottó | |
| Spilakassar | |
| Veðmál | |

Áhætta tengd bingó, happdrætti og lottó var líkt og að ofan greinir metin lítil og nær áaðgerðaætlun vegna fjárhættuspila á netinu einnig til framangreinda þátta.

## I. Fjárhættuspil á netinu (bingó, happdrætti og lottó)

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með fjárhættuspilum fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem byggir á ítarlegri greiningu og áhættumati. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar 2019 og lauk í maí 2019 þegar áhættumat RSK lá fyrir.<br><br>Þetta er viðvarandi verkefni. Peningaþvættiseftirlit RSK uppfæri áhættumiðaða eftirlitsáætlun að lágmarki á tveggja ára fresti og ávallt ef breytingar verðar á ógnum eða veikleikum sem varða fjárhættuspil. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME aðstoðar og veitir leiðbeiningar við gerð áhættumiðað eftirlits. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með fjárhættuspilum fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |

| | |
|---|---|
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit með fjárhættuspilum á netinu, bingó, lottó og happdrætti í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem kannað er m.a. aðferðir og ferlar, áhættumat, framkvæmd áreiðanleikakönnunar og þjálfun starfsmanna.<br><br>Áhætta tengd framangreindum þáttum var metin lítil í áhættumati. Eftirlit með framangreindum aðilum ætti að vera í áhættuflokki 4. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) um mitt ár 2020.<br><br>Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME aðstoðar og veitir leiðbeiningar við eftirlit. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Rekstraraðilar fjárhættuspila á netinu (sem eru sömu aðilar og bjóða upp á veðmál og lottó) og rekstraraðilar happdrætta virðist skorta þekkingu á því með hvaða hætti starfsemi þeirra kanna að vera misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um:<br>- hættumerki og aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>RSK þarf að undurbúa fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun fyrir fjárhættuspil á netinu og aðra aðila sem falla hér undir í ágúst til nóvember og dreifa til þeirra rafrænt og birta á heimasíðu RSK. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Rekstraraðilar fjárhættuspila á netinu (sem eru sömu aðilar og bjóða upp á veðmál og lottó) og rekstraraðilar happdrætta virðist skorta þekkingu á því með hvaða hætti starfsemi þeirra kanna að vera misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda fræðslufundi / námskeið fyrir rekstraraðila fjárhættuspila um skyldur þeirra, hættumerki, aðferðir við misnotkun o.fl. |
| **Tímalína** | Fræðslufundur með rekstraraðilum fjárhættuspila var haldinn í maí. Frekari fræðsla fari fram í nóvember/desember þegar búið er að gefa út frekara fræðsluefni.<br><br>Viðvarandi verkefni að tryggja áhættuvitund. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## II. Spilakassar

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með spilakössum fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem byggir á ítarlegri greiningu og áhættumati. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar 2019 og lauk í maí 2019 þegar áhættumat RSK lá fyrir.<br><br>Þetta er viðvarandi verkefni. Peningaþvættiseftirlit RSK uppfæri áhættumiðaða eftirlitsáætlun að lágmarki á tveggja ára fresti og ávallt ef breytingar verðar á ógnum eða veikleikum sem varða spilakassa. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME aðstoði og veiti leiðbeiningar við gerð áhættumiðaðs eftirlits. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með spilakössum fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit með spilakössum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem kannað er m.a. aðferðir og ferlar, áhættumat, framkvæmd áreiðanleikakönnunar og þjálfun starfsmanna.<br><br>Áhætta tengd spilakössum var metin há í áhættumati. Eftirlit með spilakössum á því að vera í forgangi 1. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) um mitt ár 2019.<br><br>Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME aðstoðar og veitir leiðbeiningar við eftirlit. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Rekstraraðilar spilakassa virðast skorta þekkingu á því með hvaða hætti starfsemi þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | Peningaþvættiseftirlit RSK gaf út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun fyrir spilakassa í maí og júní 2019. Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Undirbúa þarf frekara fræðsluefni í ágúst til nóvember og dreifa til rekstraraðila spilakassa rafrænt og birta á heimasíðu RSK. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Rekstraraðilar spilakassa virðast skorta þekkingu á því með hvaða hætti starfsemi þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda fræðslufundi / námskeið fyrir rekstraraðila spilakassa um skyldur þeirra, hættumerki, aðferðir við misnotkun o.fl. |
| **Tímalína** | Fræðslufundur með rekstraraðilum spilakassa var haldinn í maí. Frekari fræðsla fari fram í desember þegar búið er að gefa út frekara fræðsluefni.<br><br>Viðvarandi verkefni að tryggja áhættuvitund rekstraraðila spilakassa. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á tilkynningum frá rekstraraðilum spilakassa til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og halda fræðslufundi um efnið með lögmönnum. |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og fræðslufundur var haldinn í maí.<br><br>Halda frekari fræðslufundi í nóvember og desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Nafnleysi spilara þar sem eingöngu er hægt að nota reiðufé í spilakössum. Þetta getur leitt til “falskra vinninga”, þ.e. að reiðfé sé hlaðið í kassana (allt að 100 þús.) og í stað þess að spila er hægt að prenta út vinningsmiða. Vinningsmiðann er síðan hægt að innleysa og fá fjárhæðina millifærða inn á reikning vinningshafa og búa þar með til lögmæta slóð fjármuna. |

| | |
|---|---|
| **Ráðlögð aðgerð** | Breyta lögum nr. 73/1994 með það í huga að takmarka reiðufjárnotkun. Gera kröfu um að rekstraraðilar innleiði áfyllanleg spilakort sem eru tengd kennitölu og bankareikningi eða greiðslukorti viðkomandi.<br>Ef heimila á reiðufé áfram þá þarf að takmarka fjárhæð verulega, t.d. við 1500 kr. |
| **Tímalína** | Hefja undirbúning að frumvarpi vor 2020 og leggja það fram haustið 2020 þar sem tryggt er sólarlagsákvæði um innleiðingu spilakorta. |
| **Framkvæmd** | Dómsmálaráðuneytið |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Viðbótarstöðugildi hjá skrifstofu einstaklingsréttinda hjá DMR.<br>Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 7

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Aðgengi að spilakössum og vinningmiðum og skortur á því að rekstraraðilar geri kröfur til orðspors þeirra sem reka spilastaði. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gera kröfu um að rekstraraðilar spilakassa geri eingöngu samninga við spilastaði þar sem tryggt er að eigandi og stjórnendur hafi gott orðspor.<br>Meta hvort breyta þurfi lögum eða hvort hægt sé að byggja slíka kröfu á núg. lögum. |
| **Tímalína** | Hefja samtal við rekstraraðila spilakassa um að gera eingöngu samninga við spilastaði þar sem gott orðspor er tryggt ekki seinna en í september 2019.<br>Hluti af lagafrumvarpi skv. aðgerð nr. 1 ef nauðsynlegt er að breyta lögum. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK og dómsmálaráðuneytið |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 8

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Kaup á vinningsmiðum / falskir vinningsmiðar |
| **Ráðlögð aðgerð** | Vekja athygli rekstraraðila spilakassa á hættu tengdri kaupum á vinningsmiðum og “fölskum vinningum”. Þessi veikleiki tengist aðgerðum 4 og 7 að framan. |

| | |
|---|---|
| | |
| **Tímalína** | Upplýsingar voru veittar á fundum með rekstraraðilum spilakassa á fundum í tengslum við undirbúning áhættumats. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Peningaþvættiseftirlit RSK og Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## III. Veðmál

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með veðmálum fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem byggir á ítarlegri greiningu og áhættumati. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar 2019 og lauk í maí 2019 þegar áhættumat RSK lá fyrir.<br><br>Þetta er viðvarandi verkefni. Peningaþvættiseftirlit RSK uppfæri áhættumiðaða eftirlitsáætlun að lágmarki á tveggja ára fresti og ávallt ef breytingar verðar á ógnum eða veikleikum sem varða veðmál. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME aðstoði og veiti leiðbeiningar við gerð áhættumiðaðs eftirlits. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með veðmálum fyrr en peningaþvættiseftirlit RSK tók við sem eftirlitsaðili 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit með veðmálum í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem kannað er m.a. aðferðir og ferlar, áhættumat, framkvæmd áreiðanleikakönnunar og þjálfun starfsmanna. |

| | |
|---|---|
| | Áhætta tengd veðmálum var metin miðlungs í áhættumati. Eftirlit með spilakössum á því að vera í forgangi 3. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) í upphafi árs 2019.<br><br>Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | FME aðstoðar og veitir leiðbeiningar við eftirlit. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Aðilar sem bjóða upp á veðmál virðast skorta þekkingu á því með hvaða hætti starfsemi þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Undirbúa þarf frekara fræðsluefni í ágúst til nóvember og dreifa til aðila sem bjóða upp á veðmál rafrænt og birta á heimasíðu RSK. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Aðilar sem bjóða upp á veðmál virðist skorta þekkingu á því með hvaða hætti starfsemi þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda fræðslufundi / námskeið fyrir aðila sem bjóða upp á veðmál um skyldur þeirra, hættumerki, aðferðir við misnotkun o.fl. |
| **Tímalína** | Fræðslufundur með aðilum sem bjóða upp á veðmál var haldinn í maí. Frekari fræðsla fari fram í desember þegar búið er að gefa út frekara fræðsluefni. |

| | |
|---|---|
| | Viðvarandi verkefni að tryggja áhættuvitund þeirra sem bjóða upp á veðmál. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á tilkynningum frá aðilum sem bjóða upp á veðmál til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka áhættuvitund t.d. með því að gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og halda fræðslufundi um efnið með aðilum sem bjóða upp á veðmál. |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og fræðslufundur var haldinn í maí.<br><br>Halda frekari fræðslufundi í nóvember og desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Fjármálamarkaður

Þessi hluti af aðgerðaáætluninni fjallar um aðgerðir á fjármálamarkaði. Áhættuflokkun á fjármálamarkaði er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Innlán | |
| Útlán | |
| Verðmæta- og peningasendingaþjónusta | |
| Lífeyrissjóðir | |
| Líftryggingar | |
| Sýndarfé | |
| Rekstrarfélög verðbréfasjóða | |
| Greiðsluþjónusta | |
| Verðbréfaviðskipti | |
| Rafeyrir | |

Ekki er gert ráð fyrir aðgerðum tengdum líftryggingum og lífeyrissjóðum þar sem þessir markaðir teljast til lítillar áhættu og eru vel þekktir. Fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun á líftryggingamarkaði hefur verið gefið út auk þess sem haldinn var fræðslufundur með þessum mörkuðum í maí 2019. Ekki eru heldur lagðar til aðgerðir varðandi sýndarfé að sinni. Eini aðilinn sem býður upp á þjónustu með sýndarfé var skráður hjá FME í ágúst 2018 og eru veikleikar og áhætta tengd starfsemi viðkomandi vel þekkt og viðeigandi stýringar eru til staðar.

## I. Innlán

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á fræðslu og endurgjöf um hættumerki og aðferðir við misnotkun. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita fræðslu um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Fræðslufundir voru haldnir í maí. Undirbúa þarf frekara fræðsluefni (hættumerki / aðferðir við misnotkun) í ágúst til desember og senda rafrænt til aðila sem bjóða upp á innlán og birta á heimasíðu FME. |
| **Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Umfang innlána |
| **Ráðlögð aðgerð** | Þar sem áhætta tengd innlánum er talin veruleg í áhættumati er lagt til að FME framkvæmi þemaúttekt á innlánum hjá bönkunum fjórum. |
| **Tímalína** | Þemaúttekt framkvæmd í mars til mái 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## II. Útlán

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á fræðslu og endurgjöf um hættumerki og aðferðir við misnotkun. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita fræðslu um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Fræðslufundir voru haldnir í maí.<br><br>Undirbúa þarf frekara fræðsluefni (hættumerki / aðferðir við misnotkun) í ágúst til desember og senda rafrænt til aðila sem bjóða upp á innlán og birta á heimasíðu FME. |
| **Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## III. Peninga- og verðmætasendingaþjónusta

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlitsaðila skortir þekkingu á áhættu tengdri peninga- og verðmætasendingaþjónustu.<br>Engir innlendir aðilar bjóða upp á peninga- og verðmætasendingaþjónustu. Þeir tveir erlendu aðilar sem bjóða upp á slíka þjónustu voru færðir undir eftirlit FME 1. janúar 2019. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Eftirlitsaðili þarf að auka þekkingu og kunnáttu sína á hættumerkjum og aðferðum við misnotkun á peninga- og verðmætasendingaþjónustu. |
| **Tímalína** | FME hefur þegar aflað sér þekkingar hjá evrópskum eftirlitsaðila sem hefur eftirlit með öðrum af stærsta þjónustuveitendanum í Evrópu.<br>FME haldi áfram að auka þekkingu sína í gegnum samstarf við systurstofnanir í Evrópu, námskeið og öðrum hætti. Þetta er viðvarandi verkefni. |
| **Öðrum Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br>Ferðakostnaður / námskeiðsgjöld. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | FME hefur ekki útbúið áhættumat fyrir þá tvo aðila sem bjóða upp á peninga- og verðamætasendingaþjónustu á Íslandi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | FME útbúi áhættumat fyrir peninga- og verðamætasendingaþjónustu í samræmi við aðferðafræði sína. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar og lauk í júní. Þetta er viðvarandi verkefni og ber að uppfæra verði breytingar tengdar starfsemi þessara aðila. |
| **Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með þeim umboðsaðilum sem bjóða upp á peninga- og verðmætasendingaþjónustu á Íslandi fyrr en starfsemi þeirra var færð undir eftirlit FME 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | FME útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem byggir á ítarlegri greiningu og áhættumati. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar og lauk í júní. Þetta er viðvarandi verkefni og ber að uppfæra verði breytingar tengdar starfsemi þessara aðila. |
| **Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti. Enginn tilgreindur eftirlitsaðili var með þeim umboðsaðilum sem bjóða upp á peninga- og verðmætasendingaþjónustu á Íslandi fyrr starfsemi þeirra var færð undir eftirlit FME 1. janúar 2019 skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit með umboðsaðilum peninga- og verðamætasendingaþjónustu í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem kannað er m.a. aðferðir og ferlar, áhættumat, framkvæmd áreiðanleikakönnunar og þjálfun starfsmanna.<br><br>Áhætta tengd þessari þjónustu var metin há í áhættumati. Eftirlit með umboðsaðilum peninga- og verðamætasendingaþjónustu er þ.a.l. í forgangi 1. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) haustið 2019.<br><br>Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á fræðslu og endurgjöf um hættumerki og aðferðir við misnotkun. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita fræðslu um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | FME gaf út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun í tengslum við peningasendingar í maí 2019. Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Fræðslufundir voru haldnir í maí.<br><br>Undirbúa þarf frekara fræðsluefni í ágúst til nóvember og dreifa til umboðsaðila rafrænt og birta á heimasíðu FME og halda fræðslufundi í kjölfarið. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## IV. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlitsaðila skortir þekkingu á áhættu tengdri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka þarf kunnáttu og þekkingu eftirlitsaðila á hættu og aðferðum við misnotkun á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.<br><br>FME sæki þjálfun hjá evrópskum systurstofnunum, aðallega í Lúxemborg og á Írlandi. |
| **Tímalína** | Þjálfun hefjist haustið 2019 og er viðvarandi. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Ferðakostnaður / námskeiðsgjöld. |

## V. Greiðsluþjónusta

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlitsaðila skortir þekkingu á áhættu tengdri greiðsluþjónustu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka þarf þekkingu eftirlitsaðila enn frekar á áhættum tengdum greiðsluþjónustu (sérstaklega annarri en færsluhirðingu) og hvernig nýta megi starfsemi þessa til peningaþvættis. Eftirlitsaðilar þurfa að leita sér upplýsinga hjá erlendum systurstofnunum, evrópsku eftirlitsstofnununum og FATF varðandi þessa þætti.<br><br>Fyrst og fremst fer þessi þekkingaröflun fram með leit að opinberum upplýsingum en einnig kann að vera nauðsynlegt að leita beint til erlendra samstarfsaðila. |
| **Tímalína** | FME sæki þekkingu hjá evrópskum systurstofnunum í september - desember 2019. |
| **Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Ferðakostnaður / námskeiðskjöld. |

Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á fræðslu og endurgjöf um hættumerki og aðferðir við misnotkun. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita fræðslu um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | Undirbúningur að fræðsluefni og þjálfun hefjist í september 2019 og ljúki í janúar 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Ófullnægjandi upplýsingar eru fyrirliggjandi um umfang greiðsluþjónustu hvort sem er innan lands eða yfir landamæri. Upplýsingar eru dreifðar í stjórnkerfinu. Sumar eru hjá Seðlabanka Íslands, sumar hjá Reiknistofu bankanna og sumar hjá fármálastofnunum. |
| **Ráðlögð aðgerð** | FME leiði vinnu við að tryggja að eftirlitið hafi á hverjum tíma aðgang að fullnægjandi og áreiðanlegum upplýsingum um greiðsluþjónustu innanlands og yfir landamæri.<br><br>FME leggi fram tillögu að lagabreytingu ef þess er þörf. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í september 2019 og ljúki í maí 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | Seðlabanki Íslands, RB, fjármálastofnanir, fjármálaráðuneytið. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Sérfræðiþekking í tengslum við greiðsluþjónustu er dreifð í stjórnkerfinu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja þarf að viðeigandi sérþekking sé til staðar og að henni sé safnað saman á einum stað. Hér gæti komið til skoðunar hvort að það samræmdist hlutverki áhættumatshóps um fjármálainnviði (greiðslu- og uppgjörskerfi) að gegna einnig þessu hlutverki. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í september 2019 og ljúki í febrúar 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | Seðlabanki Íslands, RB, fjármálastofnanir, fjármálaráðuneytið. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## VI. Verðbréfaviðskipti

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlitsaðila skortir dýpri þekkingu á áhættu tengdri verðbréfastarfsemi og hvernig nýta megi þessa starfsemi til peningaþvættis |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka þarf enn frekar þekkingu eftirlitsaðila á áhættu tengdri verðbréfastarfsemi og hvernig nýta megi starfsemi þessa til peningaþvættis. Eftirlitsaðilar þurfa að leita sér upplýsinga hjá erlendum systurstofnunum, evrópsku eftirlitsstofnununum og FATF varðandi þessa þætti. Fyrst og fremst fer þessi þekkingaröflun fram með leit að |

| | |
|---|---|
| | opinberum upplýsingum en einnig kann að vera nauðsynlegt að leita beint til erlendra samstarfsaðila. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í mars 2019 og ætti að ljúka í desember. Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Ferðakostnaður / námskeiðskjöld. |

Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á fræðslu og endurgjöf um hættumerki og aðferðir við misnotkun. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita fræðslu um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | FME gaf út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun í tengslum við verðbréfaviðskipti í maí 2019. Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Fræðslufundir voru haldnir í maí.<br><br>Meta þörf á frekara fræðsluefni og þjálfun í janúar til apríl 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættumiðuðu eftirlit. Eftirlitsaðili hefur ekki hafið áhættumiðað eftirlit með verðbréfaviðskiptum. |

| | |
|---|---|
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) með verðbréfaviðskiptum þar sem m.a. er metið hvort til staðar séu viðeigandi verklag, ferlar, áhættumat, áreiðanleikakönnun og þjálfun starfsmanna. |
| **Tímalína** | Eftirlit hefjist í júlí. Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## VII. Rafeyrir

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlitsaðila skortir dýpri þekkingu á áhættu tengdri útgáfu rafeyris og mismunandi eiginleikum vörunnar. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka þarf enn frekar þekkingu eftirlitsaðila á áhættu tengdri útgáfu rafeyris og hvernig nýta megi starfsemi þessa til peningaþvættis.<br><br>Eftirlitsaðilar þurfa að leita sér upplýsinga hjá erlendum systurstofnunum, evrópsku eftirlitsstofnununum og FATF varðandi þessa þætti. Fyrst og fremst fer þessi þekkingaröflun fram með leit að opinberum upplýsingum en einnig kann að vera nauðsynlegt að leita beint til erlendra samstarfsaðila. |
| **Tímalína** | FME hefur þegar hafið aðgerðir við að afla sér aukinnar þekkingar og kunnáttu og mun halda því áfram fram til áramóta. Viðvarandi verkefni að þekkja helstu hættur og aðferðir. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Ferðakostnaður / námskeiðsgjöld. |

Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á fræðslu og endurgjöf um hættumerki og aðferðir við misnotkun. |

| | |
|---|---|
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita fræðslu um:<br>- hættumerki / aðferðir við misnotkun<br>- áhættumat<br>- áhættumat Íslands<br>- áreiðanleikakönnun |
| **Tímalína** | FME gaf út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við misnotkun í tengslum við rafeyri vor 2019. Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur einnig gefið út fræðsluefni um áreiðanleikakönnun, áhættusöm ríki, áhættumat o.fl.<br><br>Fræðslufundir voru haldnir í maí.<br><br>Meta þörf á frekara fræðsluefni og þjálfun í janúar til apríl 2020 |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Ófullnægjandi upplýsingar tiltækar um umfang rafeyris. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Eftirlitsaðili skilgreini hvaða upplýsingar tilkynningarskyldir aðilar þurfa að hafa tiltækar og miðli þeim kröfum til tilkynningarskyldra aðila.<br><br>FME afli með reglubundnum hætti upplýsinga um umfang útgefins rafeyris. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í nóvember 2019 og ljúki í janúar 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlit með útgáfu rafeyris hefur verið ófullnægjandi og ekki byggð á áhættu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hefja áhættumiðað eftirlit, (on-site og off-site) með útgáfu rafeyris þar sem m.a. er metið hvort til staðar séu viðeigandi verklag, ferlar, áhættumat, áreiðanleikakönnun og þjálfun starfsmanna. |

| | |
|---|---|
| **Tímalína** | FME hóf áhættumiðað eftirlit með útgáfu rafeyris í október 2018 með úttektum á lánastofnunum. Sambærilegar úttektir haldi áfram 2019 og 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | FME hefur ekki útbúið áhættumat vegna þess eina dreifingaraðila rafeyris sem starfar á Íslandi og hefur ekki hafið áhættumiðað eftirlit með honum. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Útbúa áhættumat og hefja áhættumiðað eftirlit. |
| **Tímalína** | Gerð áhættumats lauk í maí 2019.<br><br>Undirbúningur að áhættumiðuðu eftirliti hófst í maí og munu athuganir hefjast í janúar 2020. Viðvarandi verkefni. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## VIII. Ný tækni

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlitsaðila skortir dýpri þekkingu á áhættu tengdri nýrri tækni og með hvaða hætti hún getur verið misnotuð til peningaþvættis. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka þarf enn frekar þekkingu eftirlitsaðila á áhættu tengdri nýrri tækni og hvernig nýta megi hana til peningaþvættis.<br><br>Eftirlitsaðilar þurfa að leita sér upplýsinga hjá erlendum systurstofnunum, evrópsku eftirlitsstofnunum og FATF varðandi þessa þætti. Fyrst og fremst fer þessi þekkingaröflun fram með leit að opinberum upplýsingum en einnig kann að vera nauðsynlegt að leita eftir þjálfun frá erlendum systurstofnunum. |

| | |
|---|---|
| **Tímalína** | FME hefur þegar hafið aðgerðir við að afla sér aukinnar þekkingar og kunnáttu og mun halda því áfram fram til áramóta. Viðvarandi verkefni að fylgjast með nýrri tækni og þeim hættum sem henni kunna að tengjast. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Ferðakostnaður / námskeiðsgjöld. |

Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á yfirsýn og eftirliti með nýrri tækni sem tilkynningarskyldir aðilar nota. |
| **Ráðlögð aðgerð** | FME hefji þemaúttekt (off-site) á nýrri tækni sem tilkynningarskyldir aðilar nota og meti áhættuþætti henni tengdri. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í janúar 2020 og ljúki í maí. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á fræðslu og endurgjöf um hættumerki og aðferðir við misnotkun í tengslum við nýja tækni. |
| **Ráðlögð aðgerð** | FME útbúi fræðsluefni og haldi fræðslufundi um áhættu tengda nýrri tækni. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í maí 2020 og ljúki í september. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Ýmislegt

Þessi hluti aðgerðaáætlunarinnar nær til aðgerða tengdum afléttingu fjármagnshafta og útgáfu kerfiskennitölu. Áhætta tengd þessum þáttum í áhættumati var eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Aflétting fjármagnshafta | |
| Kerfiskennitala | |

## I. Aflétting fjármagnshafta

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Kerfi fjármálastofnana og SFL geta ekki kallað fram tilkynningar eftir efni þeirra og því óljóst hversu margar tilkynningar til SFL varða gjaldeyrisviðskipti. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Uppfæra kerfi SFL svo skrifstofan geti tekið út tölfræði eftir efni tilkynninga. |
| **Tímalína** | Vinna við innleiðingu á goAML þegar hafin og áætlað að ljúka í apríl 2020. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Kaup á kerfi og árlegt þjónustugjald.<br><br>Vinna starfsmanna við innleiðingu og viðhald á kerfi. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skráningum vegna kaupa á erlendum gjaldeyri af hálfu erlendra einstaklinga án kennitölu er ábótavant hjá fjármálastofnunum. Þessir aðilar eru allir skráðir á sömu kennitöluna (ótilgreindur útlendingur) í kerfum fjármálastofnana og því ekki unnt að fylgjast með því hvort að sami aðili sé ítrekað að kaupa gjaldeyri. Það er því ómögulegt að fá heildstæða mynd af gjaldeyriskaupum tiltekins erlends einstaklings sem er án kennitölu ef hann kemur oft í sömu stofnun. Því er ávallt verið að meta viðskipti þessara aðila eins og þau séu einstök viðskipti. Sami einstaklingur getur því átt í umtalsverðum viðskiptum án þess að slíkt flaggist.<br><br>Fjármálastofnunum hefur verið bent á þennan veikleika og rætt hefur verið við þær um leiðir til að bæta úr þessu. Hefur verið mælst til þess að fjármálastofnanir leiti leiða til að skrá viðskiptin með þeim hætti að hægt verði að sjá hvaða einstaklingur á í viðskiptunum (t.d. í athugasemdareit) án tillits til þess hvort allir séu skráðir á sömu kennitölu vegna viðskiptanna. Einnig getur reynst erfitt fyrir fjármálastofnanir að leita eftir útlendingum vegna gjaldeyrisviðskipta þegar SFL leitast eftir því vegna þess hvernig skráningu er háttað. |

| | |
|---|---|
| **Ráðlögð aðgerð** | Fjármálastofnanir þurfa að bæta skráningar sínar þegar erlendur gjaldeyrir er keyptur af aðila án kennitölu.<br><br>FME kanni hvort lagabreyting sé nauðsynleg og ef svo er leggi fram slíka breytingatillögu til fjármálaráðuneytisins. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í nóvember 2019 og ljúki í febrúar 2020. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Tilkynningum til SFL vegna erlends gjaldeyris hefur margfaldast eftir afléttingu fjármagnshafta. |
| **Ráðlögð aðgerð** | SFL framkvæmi stefnumiðaða greiningu í tengslum við erlendan gjaldeyri.<br><br>SFL upplýsi viðeigandi aðila um hættumerki og aðferðir.<br><br>SFL kynni niðurstöður sínar í stýrihópi um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og komi með tillögur um að draga úr áhættu sem stýrihópurinn kemur til framkvæmda. |
| **Tímalína** | Undirbúningur er hafinn og er áætlað að ljúka í nóvember. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Tollstjóra skortir dýpri þekkingu á aðferðum við smygl á erlendum gjaldeyri yfir landamæri, hvort sem er í eigin persónu, farmi eða pósti. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tollstjóri afli sér þjálfunar um aðferðir og hættumerki hjá evrópsku systurstofnunum og með öðrum hætti. |
| **Tímalína** | Undirbúningur er hafinn og er áætlað að ljúka í desember. Viðvarandi verkefni að fylgjast með hættumerkjum og aðferðum. |

| | |
|---|---|
| **Framkvæmd** | Tollstjóri. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Ferðakostnaður / námskeiðskjöld. |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á úrræðum hjá tollayfirvöldum til að hafa eftirlit með smygli á reiðufé. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka þarf úrræði tollstjóra til að hafa eftirlit með smygli á reiðufé m.a. með því að:<br><br>- Þjálfa peningahund<br>- Útbúa verklagsreglur og ferla við eftirlit á smygli á reiðufé.<br>- Þjálfa starfsmenn<br>- Innleiða rafrænt tilkynningakerfi um flutning reiðufjár<br>- Auka leiðbeiningar til ferðamanna um tilkynningaskyldu vegna reiðufjár bæði á brottfarar- og komustöðum<br>- Gera eftirlitsáætlun um eftirlit með reiðufé í innrituðum farangri og farmi<br>- Auka heimildir tollayfirvalda við eftirlitsathuganir og viðurlagaheimildir<br>- Auka samvinnu milli tollayfirvalda, SFL og lögreglu á landamærum (Suðurnes) |
| **Tímalína** | Undirbúningur er hafinn og er áætlað að ljúki í mars 2020.<br><br>Uppfærsla á tollalögum lögð fram í febrúar 2020 og samþykkt í maí. |
| **Framkvæmd** | Tollstjóri. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Kostnaður við þjálfun á peningahundi. |

Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Ekki er kveðið á um skyldur Seðlabankans hvað varðar aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í lögum um gjaldeyrismál hvað varðar eftirlit hans með peningaþvætti. Vegna þagnarskyldu getur bankinn ekki miðlað þagnarskyldum upplýsingum í tengslum við gjaldeyriseftirlit bankans. |

| | |
|---|---|
| **Ráðlögð aðgerð** | Breyta lögum um gjaldeyrisviðskipti með þeim hætti að upplýsingaöflun Seðlabankans vegna gjaldeyrisviðskipta skuli einnig taka mið af aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og veita SÍ heimildir til að miðla upplýsingum að eigin frumkvæði til annarra eftirlitsstofnana - eða veita öðrum eftirlitsstofnunum miðlægt aðgengi að upplýsingum líkt og gert er í Noregi (sjá umsögn SÍ við frumvarp til laga um skráningu raunverulegra eigenda.<br><br>Bæta fulltrúa frá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans í stýrihóp um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Tímalína** | Óska eftir tilnefningu frá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans í stýrihóp.<br><br>Hefja undirbúning á breytingum á lögum um gjaldeyrismál í nóvember 2019 og ljúka í maí 2020. |
| **Framkvæmd** | Fjármálaráðuneytið (lagabreyting)<br><br>DMR (tilnefning í stýrihóp) |
| **Aðstoð** | DMR og Seðlabanki Íslands. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 7

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans skortir þekkingu á hættumerkjum og aðferðum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við erlendan gjaldeyri. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita gjaldeyriseftirlitinu þjálfun. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í október og námskeið haldið í desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## II. Kerfiskennitala

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Ítrekuð dæmi eru um að erlendir aðilar hafa orðið sér úti um kerfiskennitölu á grundvelli falsaðra skilríkja. Á grundvelli slíkrar kennitölu geta þessir aðilar stundað bankaviðskipti, |

| | |
|---|---|
| | keypt fasteignir og stofnað félög þar sem viðskiptamaður eða stofnandi er í raun óþekktur aðili og eftir atvikum tilbúinn aðili.<br><br>Útgefandi kerfiskennitölu er þjóðskrá Íslands. Veikleikar snúa aðallega að því að fjármálastofnanir og einkaaðilar geta verið milligönguaðilar um beiðni um kerfiskennitölu hjá Þjóðskrá. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gera meiri kröfur til útgáfu kerfiskennitalna með þeim hætti að fjármálastofnanir og einkaaðilar geti ekki verið milligönguaðilar. |
| **Tímalína** | Frumvarp til laga um skráningu einstaklinga verður lagt fram á haustþingi 2019 og er gert ráð fyrir að það verði að lögum fyrir áramót. Frumvarpið gerir ráð fyrir að aðeins opinberir aðilar geti haft milligöngu um útgáfu kerfiskennitölu. |
| **Framkvæmd** | Samgönguráðuneytið. |
| **Aðstoð** | Þjóðskrá Íslands. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Lögaðilar

Þessi hluti aðgerðaáætlunarinnar fjallar um lögaðila og nær til einkahlutafélaga, hlutafélaga og annarra lögaðila auk þess sem hún nær til upplýsinga um raunverulega eigendur. Áhættuflokkun þessara aðila í áhættumati er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Einkahlutafélög | |
| Hlutafélög | |
| Aðrir lögaðilar | |
| Raunverulegur eigandi | |

## I. Einkahlutafélög

(Ráðlagðar aðgerðir tengdar einkahlutafélögum taka einnig til annarra félaga eftir því sem við getur átt.)

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Auðvelt, ódýrt og fljótlegt er að stofna einkahlutafélag. Vegna fjölda þeirra og tíðni stofnunar er með einföldum og auðveldum hætti hægt að koma upp neti félaga sem unnt er að nota til þess að dylja eignarhald, t.d. yfir landamæri. Þá er mögulegt að vera með félög á lager sem ekki eru með starfsemi, þ.e. svonefnd „skúffufélög", þar sem engar kröfur eru gerðar um rekstur eða starfsemi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gera þarf kröfu í lögum um að upplýsingar um raunverulegt eignarhald liggi ávallt fyrir. |
| **Tímalína** | Lög um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019 tóku gildi í júní 2019. |
| **Framkvæmd** | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið |
| **Aðstoð** | Dómsmálaráðuneytið |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. Fjölgun starfsmanna og kostnaður við upplýsingagjöf og námskeiðshald. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Auðvelt, ódýrt og fljótlegt er að stofna einkahlutafélag. Vegna fjölda þeirra og tíðni stofnunar er með einföldum og auðveldum hætti hægt að koma upp neti félaga sem unnt er að nota til þess að dylja eignarhald, t.d. yfir landamæri. Þá er mögulegt að vera með félög á lager sem ekki eru með starfsemi, þ.e. svonefnd „skúffufélög", þar sem engar kröfur eru gerðar um rekstur eða starfsemi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja þarf að þær upplýsingar um einkahlutafélög sem skráðar eru í fyrirtækjaskrá séu réttar og að slík félög skili skattframtali og ársreikningi. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefst í ágúst 2019 en um viðvarandi verkefni er að ræða. |

| | |
|---|---|
| **Framkvæmd** | ANR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Sérfræðingar (lögmenn og endurskoðendur) sem stofna „skúffufélög“ sem þeir eru með á lager. Í mörgum tilvikum stofna þeir einnig bankareikninga samhliða stofnun slíkra félaga. Þegar félögin eru seld til viðskiptamanna fylgja bankareikningarnar með. Þetta leiðir til þess að ekki fer fram áreiðanleikakönnun á þeim aðila sem kaupir félagið og er jafnframt eigandi bankareikningsins, þar sem engin skylda er að tilkynna fjármálafyrirtækjum um breytingarnar á eignarhaldinu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gera kröfu um að aðilar sem selja "skúffufélög" tilkynni fyrirtækjaskrá og viðskiptabönkum um söluna. Með slíkri tilkynningu skulu fylgja þær upplýsingar um kaupanda sem krafist er í lögum um fyrirtækjaskrá og lögum um skráningu raunverulegra eigenda.<br><br>RSK meti hvort unnt sé að setja fram slíka kröfu með hliðsjón af 7. gr. peningaþvættislaga í dreifibréfi eða hvort lagabreytingar séu nauðsynlegar. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fjöldi skráðra einkahlutafélaga í fyrirtækjaskrá dregur úr getu RSK til að sinna eftirliti með slíkum félögum og misnotkun þeirra. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita fyrirtækjaskrá heimildir til að afskrá/slíta félögum sem ekki eru í rekstri í tilteknum tilvikum. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | ANR og RSK. |

| | |
|---|---|
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Engar lagakröfur eru gerðar til eigenda einkahlutafélaga. Þá eru þær kröfur sem gerðar eru til stofnenda litlar. Loks eru þau úrræði sem unnt er að beita stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra einkahlutafélags óskilvirk og eftirlit hlutafélagaskrár er að þessu leyti takmarkað. Missi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri t.a.m. hæfi sitt skulu þeir upplýsa hlutafélagaskrá um það. Engin dæmi eru hins vegar um það í framkvæmd að hlutafélagaskrá sé upplýst um missi hæfis þrátt fyrir að slík dæmi séu þekkt. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Metið verði hvort hægt er að auka hæfiskröfur stofnenda og eigenda einkahlutafélaga. Gildandi kröfur eru vægar. Til hliðsjónar verði hafðar þær kröfur sem gerðar eru til fyrirsvarsmanna slíkra félaga. Hið sama gildir um hlutafélög hvað þetta varðar. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | ANR og RSK. |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Engar lagakröfur eru gerðar til eigenda einkahlutafélaga. Þá eru þær kröfur sem gerðar eru til stofnenda litlar. Loks eru þau úrræði sem unnt er að beita stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra einkahlutafélags óskilvirk og eftirlit hlutafélagaskrár er að þessu leyti takmarkað. Missi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri t.a.m. hæfi sitt skulu þeir upplýsa hlutafélagaskrá um það. Engin dæmi eru hins vegar um það í framkvæmd að hlutafélagaskrá sé upplýst um missi hæfis þrátt fyrir að slík dæmi séu þekkt. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja að eftirlitsaðilar hafi óheftan aðgang að upplýsingum um hvort aðilar hafi misst hæfi. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | ANR. |

| | |
|---|---|
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 7

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Það er tiltölulega auðvelt að taka fjármuni úr einkahlutafélagi og ráðstafa úr sjóðum þess með sjálftöku, t.d. með því að gjaldfæra einkaneyslu eigenda með ólögmætum hætti. Ráðstöfun slíkra fjármuna kann að fela í sér peningaþvætti. Á síðari árum hafa jafnframt fallið nokkrir dómar um að eigandi einkahlutafélags geti ekki samsamað sig hagsmunum félags. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita þarf fræðslu um stofnun, starfsemi og slit einkahlutafélaga sem tekur til þeirra sem stofna og reka slík félög. Hið sama gildir um hlutafélög hvað þetta varðar. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 8

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Á Íslandi þrífst svört atvinnustarfsemi en um það hafa m.a. verið ritaðar skýrslur um skattaundanskot sem gerðar hafa verið opinberar. Tölur í því sambandi eru á reiki en talið hefur verið að umfang dulinnar starfsemi geti numið 3-7% af vergri landsframleiðslu. Skattsvik af ýmsu tagi falla hér undir, s.s. undanskot á greiðslu virðisaukaskatts, undanskot frá greiðslu tekjuskatts af launum og launatengdum gjöldum, vantalinn tekjuskattur af atvinnurekstri vegna oftalins kostnaðar eða vantalinna tekna, þ. á m. í tengslum við tekjur frá aflandsfélögum. Skattayfirvöld og lögregla hafa reynt með skipulögðum hætti að taka á þessu. Fyrir liggja upplýsingar um að samhliða rekstri einkahlutafélaga sé í einhverjum tilvikum stunduð svört atvinnustarfsemi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Bæta þarf eftirlit ársreikningaskrár þar sem fylgst er með starfsemi fyrirtækja eftir atvinnustarfsemi með áherslu á hversu útsett starfsemin er fyrir peningaþvætti. Bera þarf saman ársreikninga fyrirtækja í sambærilegum rekstri og flagga ef starfsemi sker sig úr, t.d. ef lítill hagnaður er til staðar í hlutfalli við veltu eða sambærilega starfsemi. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | DMR. |

| | |
|---|---|
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 9

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Ein birtingarmynd brotastarfsemi í annars löglegri starfsemi eru viðskipti á milli tengdra aðila af ýmsu tagi, sem m.a. geta tengt anga sína yfir landamæri. Einkahlutafélagaformið hefur verið notað í þessum tilgangi, t.d. til að slíta slóð fjármuna. Ráðstöfun á slíkum fjármunum kann að fela í sér peningaþvætti ef um ræðir ólögmætan ávinning. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja að upplýsingar um raunverulega eigendur séu til staðar á hverjum tíma. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 10

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Á Íslandi er undanskot eigna og „kennitöluflakk“ stórt vandamál í fyrirtækjarekstri, þ.e. þegar fyrirtæki sem sér fram á gjaldþrot flytur eignir sínar yfir á „nýja kennitölu“ en skilur skuldir fyrirtækisins eftir á „gömlu kennitölunni“. Þannig getur eigandi fyrirtækisins haldið áfram að reka það án þess að greiða skuldir þess, því kröfuhafar geta aðeins gengið að þeim eignum sem skráðar eru á gömlu kennitöluna. Með þessu móti getur félag komist undan því að standa skil við kröfuhafa, einkum önnur einkafyrirtæki.<br><br>Gerðar voru breytingar á almennum hegningarlögum sem tóku gildi í júní 2019 og er nú kveðið á um atvinnurekstrarbann í 262. gr. laganna. Í bígerð eru frekari lagabreytingar sem hafa það að markmiði að stemma stigu við misnotkun á hlutafélagaforminu og er kennitöluflakk í atvinnurekstri þar fyrst og fremst undir. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Þrengja þarf skorður við kennitöluflakki t.d. með atvinnurekstrarbanni. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | ANR og RSK. |

| | |
|---|---|
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 11

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Engin skylda er að slíta einkahlutafélögum sem hætt hafa starfsemi. Dæmi eru um að tóm félög hafi verið misnotuð og bankareikningar þeirra t.d. notaðir til þess að dylja slóð fjármuna. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Fækka þarf einkahlutafélögum og er um það vísað til aðgerðar 4. Þá þarf að breyta ákvæðum laga um einkahlutafélög á þá leið að mælt sé fyrir um skyldu til þess að slíta félagi í tilteknum tilvikum. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í ágúst 2019 og aðgerð lokið í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | ANR og RSK. |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## II. Raunverulegur eigandi

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fjölmörg dæmi eru um að raunverulegu eignarhaldi hafi verið leynt í þeim tilgangi að fela slóð fjármuna. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Innleiða nýja löggjöf um raunverulegt eignarhald þar sem:<br>- skylt er að skrá raunverulegt eignarhald lögaðila<br>- skýr skil eru gerð á milli lagalegs eiganda og raunverulegs eiganda<br>- lögaðilum er gert skylt að halda skrá um raunverulega eigendur<br>- veita fyrirtækjaskrá heimilt til að afskrá lögaðila sem veita fyrirtækjaskrá rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við skráningu raunverulegs eiganda |
| **Tímalína** | Ný lög um raunverulegt eignarhald tóku gildi í júní 2019. |
| **Framkvæmd** | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Kostnaður við innleiðingu á kerfi um raunverulegt eignarhald. |

## Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fjölmörg dæmi eru um að raunverulegu eignarhaldi hafi verið leynt í þeim tilgangi að fela slóð fjármuna. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja viðeigandi eftirlit með skráningu á raunverulegu eignarhaldi. |
| **Tímalína** | Fyrirtækjaskrá undirbúi árlega eftirlitsáætlun í fyrsta skipti í september til desember 2019.<br><br>Fyrirtækjaskrá innileiði verkferla um eftirlit og staðfestingu á réttmæti upplýsingar sem eru veittar – ljúka fyrir áramót 2019/2020. |
| **Framkvæmd** | Fyrirtækjaskrá. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Mögulega þarf að fjölga starfsmönnum hjá fyrirtækjaskrá. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Almennur skortur á þekkingu á mikilvægi upplýsinga um raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Undirbúa fræðsluefni um raunverulegt eignarhald. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í september og ljúki með útgáfu fræðsluefnis í nóvember. Birta fræðsluefni á heimasíðu DMR, eftirlitsaðila og fyrirtækjaskrár.<br><br>Hafa fræðslufundi um raunverulegt eignarhald í janúar og febrúar 2020. |
| **Framkvæmd** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Sum fjármálafyrirtæki kanna ekki raunverulegt eignarhald með fullnægjandi hætti við áreiðanleikakönnun og FME hefur ekki fullnægjandi viðurlagaheimildir til að bregðast við slíkum brotum. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Veita eftirlitsaðilum fullnægjandi viðurlagaheimildir til að bregðast við brotum.<br><br>FME framkvæmi þemaúttekt í tengslum við raunverulegt eignarhald og beiti viðurlögum eftir því sem við á. |
| **Tímalína** | Eftirlitsaðilar fengu viðeigandi viðurlagaheimildir í nýjum lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.<br><br>Þemaúttektir hefjist í ágúst 2020 og ljúki í desember sama ár. |
| **Framkvæmd** | FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Sérfræðingar (lögmenn og endurskoðendur) koma í sumum tilvikum fram sem eigendur félaga sem þeir hafa stofnað fyrir viðskiptamenn sína. Sama á við um fjármálafyrirtæki. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja að sérfræðingar og fjármálafyrirtæki komi ekki fram sem raunverulegir eigendur fyrir hönd félaga í eigu viðskiptamanna þeirra.<br><br>Fræða þessa aðila sérstaklega um 7. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka um þátttöku í að dylja raunverulegt eignarhald. |
| **Tímalína** | Fræðsla fari fram í nóvember 2019. |
| **Framkvæmd** | Peningaþvættiseftirlit RSK og FME. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Eftirlitsaðilar hafa ekki beinan aðgang að upplýsingum um hvaða einstaklingar uppfylla ekki lengur lagalegar kröfur um hæfi til að vera raunverulegur eigandi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja að eftirlitsaðilar hafi aðgang að dómum sem leiða til missis á hæfi til að vera raunverulegur eigandi. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í janúar 2020 og verði lokið í maí. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Almannaheillafélög

Þessi hluti aðgerðaáætlunarinnar fjallar um skráð trú- og lífsskoðunarfélög, sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og önnur almannaheillafélög. Áhættuflokkun þessara aðila í áhættumati er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Skráð trú- og lífsskoðunarfélög | |
| Sjóðir og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá | |
| Önnur almannaheillafélög | |

## I. Skráð trú- og lífsskoðunarfélög

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á hæfiskröfum til fyrirsvarsmanna trú- og lífsskoðunarfélaga. Þetta á bæði við um forstöðumenn og þá aðila sem hafa umsjón með fjárreiðum, svo og aðra aðila sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins, t.d. stjórn ef henni er til að dreifa. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Breyta lögum um skráð trú- og lífsskoðunarfélög. Gera kröfu um hæfi þessara aðila sambærilega og kemur fram í 37. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.<br><br>Gera kröfu um að stjórnendur séu búsettir hér á landi eða með sérstök tengsl við landið |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar mun hefjast í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Eitt stöðugildi til skrifstofu réttinda einstaklinga hjá DMR. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á hæfiskröfum til fyrirsvarsmanna trú- og lífsskoðunarfélaga. Þetta á bæði við um forstöðumenn og þá aðila sem hafa umsjón með fjárreiðum, svo og aðra aðila sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins, t.d. stjórn ef henni er til að dreifa. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Eftirlitsaðili (sýslumaður) gæti að því að því að aðilar uppfylli hæfisskilyrði á hverjum tíma. |
| **Tímalína** | Eftirlit hefjist þremur mánuðum eftir gildistöku nýrra laga. |

| | |
|---|---|
| **Framkvæmd** | Eftirlitsaðili. |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á hæfiskröfum til fyrirsvarsmanna trú- og lífsskoðunarfélaga. Þetta á bæði við um forstöðumenn og þá aðila sem hafa umsjón með fjárreiðum, svo og aðra aðila sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins t.d. stjórn ef henni er til að dreifa. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja að eftirlitsaðili hafi óheftan aðgang að upplýsingum um hvort aðilar hafi misst hæfi.<br><br>DMR meti hvort nauðsynlegt sé að breyta lögum. |
| **Tímalína** | Aðgerð hefjist í október 2019 og ljúki í maí 2020. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Engar kröfur eru gerðar varðandi ráðstöfun fjármuna. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Bæta við ákvæðum um ráðstöfun fjármuna í lög um skráð trú- og lífsskoðunarfélög. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar mun hefjast í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Engar kröfur eru gerðar varðandi ráðstöfun fjármuna. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Bæta við ákvæðum í lög um skráð trú- og lífsskoðunarfélög þar sem ríkisendurskoðanda er falið að yfirfara fjárreiður slíkra félaga. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar mun hefjast í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Ríkisendurskoðun og Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirlitsheimildum og þvingunarúrræðum. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Breyta lögum um skráð trú- og lífsskoðunarfélög og veita eftirlitsaðila fullnægjandi heimildir og þvingunarúrræði. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar mun hefjast í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 7

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á þekkingu hjá eftirlitsaðilum á aðferðum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í gegnum félagastarfsemi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda námskeið fyrir starfsmenn eftirlitsaðila um aðferðir og hættumerki.<br><br>Gefa út fræðsluefni um aðferðir og hættumerki. |
| **Tímalína** | Aðgerðir hefjist í september 2020. |

| | |
|---|---|
| **Framkvæmd** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | - |

## II. Sjóðir og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á hæfiskröfum til stjórnenda sjóða/stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og þeirra sem fara með fjárreiður slíkra sjóða/stofnana eða geta haft áhrif á starfsemi þeirra. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Breyta lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og gera kröfu um hæfi þessara aðila, sambærilega þeirri sem fram kemur í 37. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar mun hefjast í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á hæfiskröfum til stjórnenda sjóða/stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og þeirra sem fara með fjárreiður slíkra sjóða/stofnana eða geta haft áhrif á starfsemi þeirra. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Eftirlitsaðili gæti að því á hverjum tíma að aðilar uppfylli hæfisskilyrði. |
| **Tímalína** | Eftirlit hefjist þremur mánuðum eftir gildistöku nýrra laga. |
| **Framkvæmd** | Eftirlitsaðili |
| **Aðstoð** | DMR. |
| **Kostnaður** | Efla þarf eftirlit sýslumanns. Sýslumaður telur að aukin verkefni við eftirlit kalli á frekari starfskrafta. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á hæfiskröfum til stjórnenda sjóða/stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og þeirra sem fara með fjárreiður slíkra sjóða/stofnana eða geta haft áhrif á starfsemi þeirra. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja að eftirlitsaðili hafi óheftan aðgang að upplýsingum hvort aðilar hafi misst hæfi.<br><br>DMR meti hvort lagabreytingar séu nauðsynlegar. |
| **Tímalína** | Hefjist í október 2019 og ljúki í maí 2020. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirlitsheimildum og þvingunarúrræðum. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Breyta lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og tryggja eftirlitsaðilum fullnægjandi eftirlitsheimildir og þvingunarúrræði. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar hefjist í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Verulegur skortur á því að sjóðir/stofnanir skili ársreikningi |
| **Ráðlögð aðgerð** | Sjá aðgerð 4. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar hefjist í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |

| | |
|---|---|
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fjöldi sjóða/stofnana virðast ekki vera í virkri starfsemi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Breyta lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og veita eftirlitsaðilum heimild til að afskrá sjóði/stofnanir sem hafa ekki verið með starfsemi síðustu 12 mánuði.<br><br>Taka upp hóflegt árlegt skráningargjald. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar hefjist í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## III. Önnur almannaheillafélög

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Heildaryfirsýn yfir almannaheillafélög skortir, þ.e. um skráningu þeirra, tilgang, starfsemi, hverjir eru í fyrirsvari fyrir þau og hvort þau starfi yfir landamæri. Unnt er að skrá þessi félög en þau eru ekki skráningarskyld. Félag sem stofnað er í þágu almannaheilla þarf ekki að uppfylla nein skilyrði, að öðru leyti en að hafa löglegan tilgang og starfsemi þess er ekki leyfisskyld. Þá fylgir því nær enginn kostnaður að stofna slíkt félag. Enn fremur eru engar hæfiskröfur gerðar til þeirra sem stofna almannaheillafélög, eru í fyrirsvari fyrir þau eða hafa umsjón með fjárreiðum þeirra.<br><br>Hafi almannaheillafélög með höndum fjáröflun eða fjárvörslu eru þau bókhaldsskyld og þurfa að semja ársreikning. Á hinn bóginn hvílir ekki á þeim skylda til þess að skila ársreikningi.<br><br>Engin fræðsla er um starfsemi almannaheillafélaga.<br><br>Engin dæmi eru um að almannaheillafélög hafi verið misnotuð. Þá liggja engar upplýsingar fyrir hjá erlendum lögregluyfirvöldum um að íslensk almannaheillafélög hafi verið misnotuð. |

| | |
|---|---|
| | Ekki gilda sérstök lög um almannaheillafélög og engar aðrar reglur eru um starfsemi þeirra, t.d. um góða stjórnarhætti eða leiðbeiningar um fjárreiður og reikningsskil. Skortur er á eftirliti með almannaheillafélögum og engin fræðsla hefur farið fram um starfsemi þeirra og mögulega áhættu af henni. Af þeim sökum liggur hvergi fyrir sérþekking um starfsemi þeirra og engin skipulögð samvinna er milli stjórnvalda um að greina starfsemi þessara félaga, meta veikleika þeirra o.s.frv. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gera þarf almannaheillafélög skráningarskyld og taka upp eftirlit með a.m.k. þeim félögum sem eru viðkvæm fyrir misnotkun hvað varðar fjármögnun hryðjuverka.<br><br>Bæta þarf skráningu almannaheillafélaga með hliðsjón af tilgangi þeirra, flokkun eftir starfsemi, fyrirsvari og hvort þau flytji fjármuni yfir landamæri og þá í hvaða mæli og hvert.<br>Efla þarf fræðslu um almannaheillafélög með fundum og útgáfu fræðsluefnis varðandi starfsemi þeirra, góða stjórnarhætti, meðferð fjármuna og áhættuna af því að flytja fjármuni yfir landamæri.<br><br>Efla þarf samstarf milli stjórnvalda, t.d. fyrirtækjaskrár og lögreglu, í því skyni að vinna gegn misnotkun á þessu félagaformi.<br><br>Koma þarf upp tengilið hjá RLS til þess að unnt sé að tilkynna um tilvik sem þarfnast skoðunar. |
| **Tímalína** | Undirbúningur nýrrar löggjafar hefjist í mars 2020 og frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Reiðufé

Þessi hluti aðgerðaáætlunarinnar fjallar um aðgerðir tengdar notkun reiðufjár. Áhættuflokkun í áhættumati varðandi notkun reiðufjár er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Reiðufé, flutningur til og frá Íslandi | |
| Reiðufjárviðskipti | |
| Reiðufé í umferð – háir peningaseðlar | |

## I. Reiðufé, flutningur til og frá Íslandi

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á þekkingu hjá tollayfirvöldum um aðferðir við smygl á gjaldeyri milli landa, hvort sem það fer fram af hálfu einstaklinga, með póstsendingum eða farmi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Halda þarf námskeið fyrir starfsmenn tollstjóra um aðferðir og hættumerki.<br><br>Sjá einnig aðgerð 4 í Afléttingu hafta. |
| **Tímalína** | Undirbúningur er hafin og aðgerð mun ljúka í desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Tollstjóri. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á úrræðum hjá tollayfirvöldum að fylgjast með flutningi gjaldeyris úr landi.<br>(Sjá einnig aðgerð nr. 5 í Aflettingu hafta). |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka þarf úrræði tollstjóra til að fylgjast með flutningi fjármuna yfir landamæri, t.d. með:<br>- Kaupum/þjálfun peningahunda.<br>- Leiðbeiningum um aðferðir og verklag við eftirlit með flutningi fjármuna.<br>- Þjálfun starfsmanna.<br>- Innleiðingu á rafrænu tilkynningarkerfi.<br>- Aukinni fræðslu á komu- og brottfararstöðum um tilkynningarskyldu.<br>- Skipulögðu eftirliti með innrituðum farangri og vörum.<br>- Auknum heimildum og úrræðum í tollalögum.<br>- Auknu samstarfi við skrifstofu fjármálagreiningu lögreglu og lögreglunnar á Suðurnesjum. |
| **Tímalína** | Undirbúningur aðgerða hafin. Verður lokið í október 2019. |

| | |
|---|---|
| | Tillögur að breytingum á tollalögum lagðar fram í febrúar 2020 og frumvarp lagt fram í maí sama ár. |
| **Framkvæmd** | Tollstjóri |
| **Aðstoð** | FJR og Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## II. Reiðufjárviðskipti

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fjármálafyrirtæki skortir yfirsýn yfir:<br>- Viðskiptamenn sem eru lögaðilar og nota helst reiðufé (s.s. barir, veitingastaðir, ferðaþjónustaðilar, sjoppur o.s.frv.)<br>- Hvort innlagnir viðskiptamanna sem helst nota reiðufé, séu í samræmi við umfang starfsemi þeirra.<br>- Hvort innlagnir séu í samræmi við fjárhagslegan styrk viðskiptavinar. |
| **Ráðlögð aðgerð** | FME geri þá kröfu til fjármálafyrirtækja að þau:<br>- Flokki viðskiptamenn, sem jafnframt eru lögaðilar, eftir þeirri starfsemi sem þeir hafa með höndum.<br>- Búi yfir nauðsynlegum verkfærum til að meta hvort innlagnir þeirra séu í samræmi við umfang starfsemi þeirra.<br>- Búi yfir nauðsynlegum verkfærum til að greina endurteknar innlagnir af hálfu einstaklinga og aðferðir til að meta hvort þær séu í samræmi við fjárhagslegan styrk einstaklingsins að teknu tilliti til stöðu hans.<br>- Greini reglulega reiðufjárinnlagnir til að varpa ljósi á frávik. |
| **Tímalína** | Bréf send til fjármálafyrirtækja og banka í ágúst 2019. Fylgt eftir með þemaúttektum í apríl fram til ágúst 2020. |
| **Framkvæmd** | FME |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fáar tilkynningar berast SFL vegna viðskipta með reiðufé |
| **Ráðlögð aðgerð** | Útbúa fræðsluefni um hættumerki og aðferðir við þvætti með reiðufé og senda öllum aðilum sem almennt stunda mikil reiðufjárviðskipti, s.s. verslun- og þjónustuaðilum, ferðaþjónustuaðilum, seljendum eðalmálma og -steina, veitingastöðum o.s.frv. |

| | |
|---|---|
| | Halda fræðslufundi og námskeið um hættur tengdar reiðufjárnotkun hjá heildarsamtökum þeirra starfsgreina sem helst taka við reiðufé, s.s. samtökum verslunar og þjónustu, samtökum iðnaðarins og samtökum ferðaþjónustuaðila. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í nóvember 2019. Fræðsluefni gefið út í janúar 2020 og námskeið haldin í febrúar sama ár. |
| **Framkvæmd** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Engar hömlur er á greiðslum með reiðufé og engin skylda til að tilkynna um viðskipti/innlagnir. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Takmarka fjárhæð reiðufjár sem heimilt er að taka við vegna kaupa á vörum og þjónustu við 300 þús.<br>Gera fjármálafyrirtækjum skylt að tilkynna til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um öll viðskipti/innlagnir í reiðfé yfir 1200 þús. |
| **Tímalína** | Undirbúningur löggjafar hefjist í apríl 2020. Frumvarp lagt fram í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | DMR |
| **Aðstoð** | FJR. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Verslun og þjónusta

Þessi hluti aðgerðaáætlunarinnar fjallar um ráðlagðar aðgerðir tengdar verslun og þjónustu. Áhættuflokkun verslunar og þjónustu í áhættumati er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Verslun og þjónusta | |
| Seljendur eðalmálma og -steina | |

## I. Verslun og þjónusta

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Flestir aðilar á sviði verslunar og þjónustu virðast ómeðvitaðir um hvernig starfsemi þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Standa fyrir þjálfun og gefa út fræðsluefni um:<br>- Hættuefni/aðferðir.<br>- Áhættumat.<br>- Áhættumat ríkislögreglustjóra.<br>- Viðskiptamenn sem teljast áhættusamir.<br>- Áreiðanleikakannanir.<br>- Eftirlit RSK.<br>- Aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í maí 2019 og ætti að vera lokið í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti - eftirlit með þessum aðilum hefur verið takmarkað. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun fyrir verslun og þjónustu á grundvelli heildstæðrar greiningar og áhættumats ríkislögreglustjóra. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar og aðgerð lokið í maí. Er viðvarandi. |
| **Framkvæmd** | RSK. |

| | |
|---|---|
| **Aðstoð** | FME. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti - eftirlit með þessum aðilum hefur verið takmarkað. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hafa þarf eftirlit með því að aðilar sem starfa sviði verslunar og þjónustu uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. um kerfi, ferla, aðferðir, áhættumat, áreiðanleikakönnun og þjálfun starfsmanna<br><br>Áhætta tengd verslun og þjónustu var metin veruleg í áhættumati ríkislögreglustjóri og er því í forgangi 2. RSK mun hefja bæði „on-site“ og „off-site“ athuganir hjá aðilum sem starfa á sviði verslunar og þjónustu í ágúst 2019. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðaðar „on-site“ og „off-site“ athuganir hjá aðilum sem starfa á sviði verslunar og þjónustu í ágúst 2019. Viðvarandi aðgerð. |
| **Framkvæmd** | RSK |
| **Aðstoð** | Fyrri eftirlitsaðilar og FME |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fáar tilkynningar frá aðilum sem starfa á sviði verslunar og þjónustu hafa borist skrifstofu fjármálagreiningar lögreglu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og halda námskeið fyrir aðila sem starfa á sviði verslunar og þjónustu. |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðslubækling um tilkynningar til SFL. Námskeið var haldið í maí.<br><br>Frekari námskeið eru á dagskrá í nóvember og desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

## II. Seljendur eðalmálma og -steina

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á áhættuvitund. Flestir seljendur eðalmálma og -steina virðast ómeðvitaðir um hvernig starfsemi þeirra getur verið misnotuð. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Standa fyrir þjálfun og gefa út fræðsluefni um:<br>- Hættuefni/aðferðir.<br>- Áhættumat.<br>- Áhættumat ríkislögreglustjóra.<br>- Viðskiptamenn sem teljast áhættusamir.<br>- Áreiðanleikakannanir.<br>- Eftirlit RSK.<br>- Aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í maí og ætti að vera lokið í október. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti - eftirlit með þessum aðilum hefur verið takmarkað. |
| **Ráðlögð aðgerð** | RSK innleiði áhættumiðað eftirlit á grundvelli heildstæðrar greiningar og áhættumats ríkislögreglustjóra. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hófst í janúar og aðgerð lokið í maí. Er viðvarandi. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | FME. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á eftirliti - eftirlit með þessum aðilum hefur verið takmarkað. |

| | |
|---|---|
| **Ráðlögð aðgerð** | Hafa þarf eftirlit með því að seljendur eðalmálma og -steina uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. um kerfi, ferla, aðferðir, áhættumat, áreiðanleikakönnun og þjálfun starfsmanna<br><br>Þótt áhætta tengd seljendum eðalmálma og -steina hafi verið metin miðlungs í áhættumati ríkislögreglustjóri, og er því í forgangi 3, mun RSK hefja bæði „on-site“ og „off-site“ athuganir hjá aðilum sem starfa í þessum geira í ágúst 2019. |
| **Tímalína** | Hefja áhættumiðaðar „on-site“ og „off-site“ athuganir hjá seljendum eðalmálma og -steina um mitt ár 2019. Viðvarandi aðgerð. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | Fyrri eftirlitsaðilar og FME. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

### Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Fáar tilkynningar frá seljendum eðalmálma og -steina hafa borist skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og halda námskeið fyrir seljendur eðalmálma og -steina. |
| **Tímalína** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út fræðslubækling um tilkynningar til SFL. Námskeið var haldið í maí.<br><br>Frekari námskeið eru á dagskrá í nóvember og desember 2019. |
| **Framkvæmd** | Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

# Frumbrot

Þessi hluti aðgerðaáætlunarinnar fjallar um ráðlagðar aðgerðir tengdar frumbrotum. Áhætta tengd skattsvikum sem frumbroti var metin mikil í áhættumati ríkislögreglustjóra. Í áhættumatinu var einnig að finna yfirlit yfir önnur frumbrot án áhættuflokkunar, þar sem greiningardeild ríkislögreglustjóra var á sama tíma að vinna að skýrslu um áhættu tengda skipulagðri glæpastarfsemi. Umrædd skýrsla var gefin út í lok maí 2019 og er aðgerðaáætlun til að bregðast við niðurstöðum hennar væntanleg í september.

## I. Skattsvik

### Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skattsvik eru alvarlegt vandamál hér á landi. Almenn vitund um skattsvik er mikil en viðhorf almennings til þeirra virðist mildara heldur en til annarra brota. Yfirvöld eru meðvituð um umfang skattsvika, fjöldi mála er mikill og regluverk viðamikið. Almennt eftirlit er talsvert en skortur hefur verið á peningaþvættiseftirliti með þeim fagstéttum sem helst er leitað til í því skyni að dylja slóð fjármuna og raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Skoða þarf eftirlitsheimildir og úrræði RSK, þ.e. hvort þau séu fullnægjandi, m.a. með hliðsjón af því hvort viðbótarfjármagn þurfi í skatteftirlit og skattrannsóknir. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í október 2019 og ætti að ljúka í mars 2020.. |
| **Framkvæmd** | RSK og Skattrannsóknarstjóri. |
| **Aðstoð** | - |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. Mögulega þarf að fjölga stöðugildum, einkum við peningaþvættiseftirlit og skattrannsóknir. |

### Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skattsvik eru alvarlegt vandamál hér á landi. Almenn vitund um skattsvik er mikil en viðhorf almennings til þeirra virðist mildara heldur en til annarra brota. Yfirvöld eru meðvituð um umfang skattsvika, fjöldi mála er mikill og regluverk viðamikið. Almennt eftirlit er talsvert en skortur hefur verið á peningaþvættiseftirliti með þeim fagstéttum sem helst er leitað til í því skyni að dylja slóð fjármuna og raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa þarf út fræðsluefni og halda fræðslufundi um skattsvik fyrir þá sem eru með fyrirtækjarekstur og/eða sinna ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í janúar 2020 og ætti að ljúka í apríl 2020. |
| **Framkvæmd** | RSK og Skattrannsóknarstjóri. |

| | |
|---|---|
| **Aðstoð** | Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skattsvik eru alvarlegt vandamál hér á landi. Almenn vitund um skattsvik er mikil en viðhorf almennings til þeirra virðist mildara heldur en til annarra brota. Yfirvöld eru meðvituð um umfang skattsvika, fjöldi mála er mikill og regluverk viðamikið. Almennt eftirlit er talsvert en skortur hefur verið á peningaþvættiseftirliti með þeim fagstéttum sem helst er leitað til í því skyni að dylja slóð fjármuna og raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Efla þarf samstarf á milli þeirra sem eiga aðkomu að málaflokknum. |
| **Tímalína** | Samstarfssamningur hefur verið gerður á milli Skattrannsóknarstjóra og Héraðssaksóknara.<br><br>Samstarfssamningur hefur verið gerður á milli RSK, FME og SFL. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | Skattrannsóknarstjóri, lögregla, Héraðssaksóknari, SFL og eftirlitsaðilar.<br>Stýrihópur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skattsvik eru alvarlegt vandamál hér á landi. Almenn vitund um skattsvik er mikil en viðhorf almennings til þeirra virðist mildara heldur en til annarra brota. Yfirvöld eru meðvituð um umfang skattsvika, fjöldi mála er mikill og regluverk viðamikið. Almennt eftirlit er talsvert en skortur hefur verið á peningaþvættiseftirliti með þeim fagstéttum sem helst er leitað til í því skyni að dylja slóð fjármuna og raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Horfa þarf á þær aðgerðir sem beint er að einkahlutafélögum, ekki síst hvað varðar að koma í veg fyrir kennitöluflakk og það sem lýtur að ársreikningum, viðurlögum við brotum á ársreikningslögum og eftirliti ársreikningaskrár. |
| **Tímalína** | - |
| **Framkvæmd** | ANR. |
| **Aðstoð** | RSK og DMR. |

| | |
|---|---|
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skattsvik eru alvarlegt vandamál hér á landi. Almenn vitund um skattsvik er mikil en viðhorf almennings til þeirra virðist mildara heldur en til annarra brota. Yfirvöld eru meðvituð um umfang skattsvika, fjöldi mála er mikill og regluverk viðamikið. Almennt eftirlit er talsvert en skortur hefur verið á peningaþvættiseftirliti með þeim fagstéttum sem helst er leitað til í því skyni að dylja slóð fjármuna og raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Efla þarf aðgerðir gegn skattsvikum tengdum erlendum kreditkortum. |
| **Tímalína** | Undirbúningur hefjist í apríl 2020 og aðgerð ljúki í október sama ár. |
| **Framkvæmd** | RSK. |
| **Aðstoð** | Skattrannsóknarstjóri. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 6

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skattsvik eru alvarlegt vandamál hér á landi. Almenn vitund um skattsvik er mikil en viðhorf almennings til þeirra virðist mildara heldur en til annarra brota. Yfirvöld eru meðvituð um umfang skattsvika, fjöldi mála er mikill og regluverk viðamikið. Almennt eftirlit er talsvert en skortur hefur verið á peningaþvættiseftirliti með þeim fagstéttum sem helst er leitað til í því skyni að dylja slóð fjármuna og raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Þörf er á sterkari úrræðum í lögum um virðisaukaskatt tengd kennitöluflakki og misnotkun á félagaformi. Skattrannsóknarstjóri sér töluverða fjölgun í skipulagðri glæpastarfsemi tengt þessu, sem ætla má að verði vaxandi vandamál tengt peningaþvætti og öðrum brotum. |
| **Tímalína** | Tillaga til breytinga á lögum lögð fram haustið 2020. |
| **Framkvæmd** | FJR. |
| **Aðstoð** | RSK. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |

Aðgerð 7

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skattsvik eru alvarlegt vandamál hér á landi. Almenn vitund um skattsvik er mikil en viðhorf almennings til þeirra virðist mildara heldur en til annarra brota. Yfirvöld eru meðvituð um umfang skattsvika, fjöldi mála er mikill og regluverk viðamikið. Almennt eftirlit er talsvert en skortur hefur verið á peningaþvættiseftirliti með þeim fagstéttum sem helst er leitað til í því skyni að dylja slóð fjármuna og raunverulegt eignarhald. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Of auðvelt er að stofna keðju félaga sem síðan eru nýtt til skattsvika. Stemma þarf stigu við þessu með lagabreytingum. |
| **Tímalína** | Tillaga til breytinga á lögum lögð fram haustið 2020. |
| **Framkvæmd** | FJR. |
| **Aðstoð** | RSK. |
| **Kostnaður** | Fjölga þarf starfsmönnum við árs |

Aðgerð 8

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Skortur á peningaþvættisrannsóknum í málum þar sem skattsvik eru frumbrot. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Tryggja að skattalagabrot séu rannsökuð með fullnægjandi hætti og sæti ákæru að öðrum skilyrðum uppfylltum. |
| **Tímalína** | - |
| **Framkvæmd** | Skattrannsóknarstjóri. |
| **Aðstoð** | Héraðssaksóknari. Lögregla. |

## II. Önnur frumbrot

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Peningaþvætti ekki tekið til rannsóknar samhliða helstu tegundum frumbrota. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Auka fræðslu til lögreglu og ákærenda um rannsókn og saksókn peningaþvættis.<br>Tryggja að lögregla kanni í hverju tilviki hvort rannsaka eigi peningaþvætti samhliða frumbroti. |
| **Tímalína** | - |

| | |
|---|---|
| **Framkvæmd** | Héraðssaksóknari. |
| **Aðstoð** | Lögregla. |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna.<br><br>Mögulega kostnaður af námskeiðahaldi. |

# Fjármögnun hryðjuverka

## I. Fjármögnun hryðjuverka

Aðgerð 1

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Aðgengi að gjaldeyri hér á landi er gott eftir afléttingu fjármagnshafta árið 2017 og auðvelt er að skipta íslenskum krónum í erlendan gjaldeyri. Að þessu leyti eru veikleikar sambærilegir þeim sem eiga við um peningaþvætti í kafla um afnám fjármagnshafta. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hér eiga við sömu aðgerðir og um afléttingu fjármagshafta. |
| **Tímalína** | - |
| **Framkvæmd** | Það sama á við og um afléttingu fjármagnshafta. |
| **Aðstoð** | Það sama á við og um afléttingu fjármagnshafta. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 2

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Auðvelt og einfalt er að flytja reiðufé úr landi og takmarkað eftirlit er með því. Að þessu leyti eru veikleikar sambærilegir þeim sem eiga við um peningaþvætti í umfjöllun um flutning reiðufjár til og frá Íslandi. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hér eiga við sömu aðgerðir og um flutning reiðufjár. |
| **Tímalína** | - |
| **Framkvæmd** | Það sama á við og um flutning reiðufjár til og frá Íslandi. |
| **Aðstoð** | Það sama á við og um flutning reiðufjár til og frá Íslandi. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 3

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Unnt er að millifæra reiðufé milli landa með hraðvirkum hætti með peningasendingum og lítið eftirlit hefur hingað til verið með þeirri starfsemi. Hér eiga því við sömu veikleikar og eiga við um peningaþvætti í umfjöllun um peningasendingar. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hér eiga við sömu aðgerðir og um peningasendingar. |
| **Tímalína** | - |
| **Framkvæmd** | Það sama á við og um peningasendingar. |
| **Aðstoð** | Það sama á við og um peningasendingar. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 4

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Yfirsýn skortir yfir almannaheillafélög sem falla í flokk almennra félaga og starfa yfir landamæri í ríkjum sem teljast áhættusöm eða nágrannaríkjum þeirra. Ekkert eftirlit er með þessum félögum og þeim hefur ekki verið veitt almenn fræðsla um með hvaða hætti þau geta varnað því að starfsemi þeirra sé misnotuð í þeim tilgangi að fjármagna hryðjuverk. Þá skortir þekkingu hjá yfirvöldum um þennan málaflokk og samstarf milli stofnana er lítið. Fyrir liggur að engin greining hefur farið fram á þeim almannaheillafélögum sem starfa yfir landamæri, þ.e. hverjir standa þeim félögum að baki, hvernig fjárreiðum og reikningsskilum þeirra er háttað, hvort og með hvaða hætti þau flytja fjármuni yfir landamæri og þá í hvaða mæli og til hvaða ríkja. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Hér eiga við sömu aðgerðir og gilda um önnur almannaheillafélög. |
| **Tímalína** | - |
| **Framkvæmd** | Það sama á við og um peningasendingar. |
| **Aðstoð** | Það sama á við og um peningasendingar. |
| **Kostnaður** | - |

Aðgerð 5

| | |
|---|---|
| **Veikleiki** | Tilkynningarskyldir aðilar, bæði fjármálafyrirtæki og aðrir, hafa litla þekkingu á skyldum sínum varðandi alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og aðgerðir gegn fjármögnun og útbreiðslu gereyðingarvopna.<br><br>Tilkynningarskyldir aðilar hafa takmarkaða þekkingu á því hvernig þeir eigi að meta hvort viðskiptamenn þeirra séu á lista yfir þvingunaraðgerðir og hvernig eigi að meta hvort fjármunir eða efnahagslegur auður er í þeirra eigu eða undir þeirra stjórn. |
| **Ráðlögð aðgerð** | Gefa út fræðsluefni og halda námskeið og fræðslufundi fyrir tilkynningarskylda aðila þar sem meðal annars verður fjallað um:<br>- Hvaða skyldur hvíla á tilkynningarskyldum aðilum.<br>- Hvar er hægt að finna upplýsingar um aðila á listum yfir þvingunaraðgerðir.<br>- Hvað felist í eignarhaldi, umráðum og stjórn eigna.<br>- Upplýsa um og þjálfa í notkun leitarvéla.<br>- Leiðbeiningar og aðstoð við gerð ferla og aðferða. |
| **Tímalína** | FME og RSK héldu fræðslufundi með tilkynningarskyldum aðilum í maí og stýrihópur dómsmálaráðherra um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka gaf út fræðsluefni um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir í júlí.<br><br>Eftirlitsaðilar vinni að gerð frekara fræðsluefnis sem verði tilbúið í lok mars 2020 og fræðslufundir með öllum tilkynningarskyldum aðilum haldnir í apríl og maí sama ár. |
| **Framkvæmd** | Eftirlitsaðilar. |
| **Aðstoð** | Stýrihópur dómsmálaráðherra um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka |
| **Kostnaður** | Vinnuframlag starfsmanna. |